

Fundargerð 52. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Fundarherbergi Samorku, Borgartúni 35

Tími: 27. febrúar 2020 kl. 9-10:30

Viðstaddir: Anna Heiður Eyðisardóttir (AHE), Baldur Dýrfjörð (BD), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ) og Þorsteinn Narfason (ÞN).

Dagskrá:

- Fundargerð 51. stjórnarfundar
- Íðorð um fráveitur
- Verkefni framundan
- Önnur mál

1. Fundargerð 51. stjórnarfundar

Frestað til næsta fundar.

2. Íðorð um fráveitur

Stjórn VAFRÍ barst erindi um samstarf til að safna íðorðum um fráveitur. Verkefnið hlaut styrk frá Málræktarsjóð í janúar. Stjórn VAFRÍ þakkar þessi góðu boð og tilnefndi Baldur Dýrfjörð sem tengilið í verkefnið.

3. Verkefni framundan

Dagur vatnsins er haldinn 22. mars ár hvert með því markmiði að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi vatnsauðlindarinnar. Í ár er áherslan á vatn og hnattræna hlýnun. Einkennisorðin eru að við megum ekki bíða, við verðum að beita sjálfbærum aðferðum í vatns- og fráveitum, og að allir verða að leggja málefnið lið. Í ár fellur dagur vatnsins á sunnudegi. Íslenska Vatnafræðinefndi skoðar möguleika á að kynna Dag Vatnsins í safnsumhverfi. Stjórn VAFRÍ mun kynna sér viðburði tengdum Degi Vatnsins og auglýsa meðal félagsmanna.

Stefnt er að halda ársfund félagsins annað hvort í byrjun eða um miðjan maí, með sambærilegu sniði og undanfarin ár. Yfirskrift málþingsins samhliða ársfundinum eru „*Vatns- og fráveitur í eldsumbrotum*“. Stefnt er að þremur erindum sem lýsa jarðvísindalegum eiginleikum Reykjanesskaga, mögulegar hættur á innviði og vatnsgeyminn, og reynslu frá fyrri eldsumbrotum á Suðurlandi.

Stefnt er að vísindaferð um vatnsból á höfuðborgarsvæðinu í byrjun júní eða seinni part ágústs.

4. Önnur mál

Áframhaldandi stjórnarseta var rædd.

Fundi var slitið kl. 10:40.

Fundarritari: Hrund Ó. Andradóttir, hrund@hi.is